

ÁRSSKÝRSLA 2012

*Líf manns vex og dvín í  
hlutfalli við hugrekki hans.*

*-Anaïs Nin*

*Hugrekki er yfirvegum á álagstímum. -Hemingway*

*Erfiði og áræði duga skammt  
án stefnu og staðfestu. -Kennedy*

*Sá sem ekki treystir sér í  
tvísýnu mun engu áorka í  
lífinu. -Muhammad Ali*

*Draumar okkar geta allir rest,  
ef við þorum bara að fylgja þeim.*

*-Disney*

*Maðurinn getur  
ekki uppgötvað ný  
úthöf nema hann þori  
að missa sjónar af  
ströndinni. -André Gide*

*Stundum verða  
manni á mistök við  
nýsköpun. Best er  
að gangast við þeim  
umsvifalaust en  
nostra þeim mun  
meira við hinar  
nýjungarnar sínar.*

*-Steve Jobs*

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR





*Af framtaksleysi spretta  
ótti og efi. Atorka getur af sér  
sjálfstraust og áræði. Ef þú vilt  
sigrast á óttanum skaltu ekki  
sitja heima með höfuðið í bleyti.  
Komdu þér af stað og að verki.*

*-Dale Carnegie*

*Maðurinn skapar söguna en  
sagan ekki manninn.  
Án forystufólks stendur  
samfélagið í stað. Framfarir  
verða þegar hugrakkir og reyndir  
leiðtogar grípa tækifærið til að  
breyta heiminum til hins betra.*

*-Harry S. Truman*

*Sé hann hugrakkur, er einn maður meirihluti. - Jefferson*

*Það þarf heilmikið hugrekki  
til að skilja við það sem er  
kunnuglegt og traustvekjandi  
og taka óvissunni opnum  
örmum. En það er ekkert  
öryggi í því sem misst hefur  
merkinguna. Öryggi er  
að finna í ævintýrum og  
spennandi uppátækjum,  
því að í breytingu er líf og í  
breytingum er styrkur.*

*-Alan Cohen*



## Ávarp stjórnarformanns

Árið 2012 var Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins nokkuð hagnafellt, mælt á þá bókhaldslegu mælikvarða sem um sjóðinn gilda. Hagnaður var viðunandi og staða eignasafnsins er ásættanleg, borin saman við bókfært virði þess. Arðsemi NSA af einstökum fjárfestingum kemur þó aldrei í ljós fyrr en sjóðurinn selur sig út. Því er sjóðnum lyklatríði að eiga tækifæri til útgöngu úr fyrirtækjum og vonandi með ábatasömum hætti sem oftast. Að sölu lokinni getur sjóðurinn endurnýtt féð sem til baka kemur og lagt í nýtt nýsköpunarferli. Þátttaka sjóðsins varir árum saman í einstökum verkefnum. Því er arðsemi sjóðsins til lengri tíma mælikvarði á velgengni hans, en ekki bara einstök ár sem geta verið afar breytileg, samkvæmt eðli málsins.

NSA seldi hlut sinn í Marorku árið 2012 með miklum hagnaði. Sú útganga reyndist sú gjöfulasta í sögu sjóðsins og ber frumkvöðlum verkefnisins og söluhæfni starfsmanna sjóðsins frábært vitni. Það sem af er ári 2013 hefur einnig komið til afar ábatasamrar útgöngu þegar fyrirtækið CLARA var selt í heilu lagi eftir fremur stutta og snarpa þátttöku NSA í verkefninu.

Fjárfestingar í nýsköpun eru áhættusamar í eðli sínu og hljóta ekki allar farsælan endi eins og í fyrrgreindum dæmum. Til að endurspegla slíka áhættu afskrifar sjóðurinn fjárfestingar sínar að hluta um leið og þær fara fram þótt hin endanlega mæling, sem útganga veitir, liggi ekki fyrir fyrr en löngu síðar. Þannig má segja að það yki bókhaldslegan hagnað sjóðsins á tilteknu ári, ef hann drægi úr fjárfestingum þá stundina og losnaði þar með undan sjálfvirkum varúðarafskriftum nýrra fjárfestinga. Að sjálfsgöðu fylgir sjóðurinn ekki slíkri stefnu því að hlutverk hans er þvert á móti að taka sífellt þátt í nýjum verkefnum og halda hringrás nýsköpunarinnar gangandi.

Hins vegar gæti það gerst á næstu árum að sjóðurinn taki þátt í sífellt færri verkefnum en rekstrarhagnaður kynni á sama tíma að verða vel viðunandi. Ástæðan er sú að verulega hefur dregið úr getu sjóðsins til að fjárfesta í nýjum fyrirtækjum og megnið af lausu fé hans nú þarf að varðveita til að geta sinnt frekari fjárfestingum í verkefnum sem þegar hefur verið fjárfest í. Í augnablikinu stendur ekki fyrir dyrum mikil útganga úr verkefnum sjóðsins og því er ekki hægt að reiða sig á að veita megi miklar fjárhæðir hratt inn í nýsköpunarumhverfið á ný. Þá ríkir fjárfurð í ýmsum öðrum sjóðum nýsköpunar, t.a.m. hafa sjóðir Frumtaks og Brúar þegar verið fjárfestir að fullu.

Hið kaldhæðnislega er þó, að það skortir ekki peninga hér á landi. Fjármagnshöftin og önnur sérkennileg skilyrði nú um stundir valda því að um suma eignaflokka vellur fé í stríðum straumum, eins og sést vel af umframeftirspurn í nýskráðum hlutabréfum og lágrí ávöxtun sem eigendur ríkisskuldabréfa vænta. En annars staðar í hagkerfinu skortir fé og sú er einmitt að verða raunin í fjármögnun sprotafyrirtækja. Þarna þurfa ríki, lífeyrissjóðir, kauphöll og einkafjárfestar að vinna saman að því að losa um manngerð skilrúm í hagkerfinu til að fé geti ratað sína réttu leið til að skapa ný tækifæri og verðmæti á Íslandi.

Þema aðalfundar NSA voríð 2013 er hugrekki. Sú yfirskrift á vel við. Það krefst hugrekkis að feta ótroðnar slóðir, hvort sem í hlut eiga frumkvöðlar eða fjárfestar. Það þarf líka hugrekki til að hætta verkefnum, sem þegar hefur verið lagt af stað með, en eiga af einhverjum ástæðum ekki bjarta framtíð. Nú er hugrekki helst þörf til að lagfæra fjárhagsbúskap hugvits og tækni á Íslandi. NSA býður fram krafta sína og reynslu í því verkefni.

*Orri Hauksson, stjórnarformaður NSA.*



# Hugrekki og hagvöxtur

## Skýrsla framkvæmdastjóra

Yfirleitt er það hugrakkt fólk sem stofnar ný fyrirtæki. Það þarf ákveðið hugrekki á öllum stigum nýsköpunar. Frumkvöðlar þurfa að þora að stofna fyrirtæki og fjárfestar þurfa að hafa kjark til að fjárfesta í nýsköpun og taka þátt í nýjum metnaðarfullum fyrirtækjum.

Eftir að fyrirtæki hafa fengið fyrstu fjárfestingu er það yfirleitt langt frá því auðvelt að láta nýsköpunarfyrirtæki vaxa og dafna. Sérstaklega á undanförunum árum þegar fjármagn hefur verið takmarkað og tipla þarf í kringum gjaldeyrishöft, óstöðugan gjaldmiðil og háa vexti og óvissu og áhættu sem fylgir því að þróa nýja vöru fyrir nýja markaði.

En þegar á heildina er litið er það hugrekki og sá dugnaður sem fylgir nýsköpun sem er verðlaunaður. Það er margsönnuð staðreynd að þegar þjóðfélög fjárfesta skynsamlega í nýsköpun fjölga eftirsóknarverðum störfum, útflutningur vex og hagvöxtur eykst. Jafnframt því eflist framþróun í tækni, vísindum og öðrum skapandi greinum. Peningaleg ávöxtun getur líka verið mikil af fjárfestingum í nýsköpunarfyrirtækjum. Að lokum má benda á að fjárfesting í litla nýsköpunarsprotanum í dag getur skilað góðu fjárfestingartækifæri í framtíðinni. Það væri erfitt að kaupa hlutabréf í skráðum félögum eins og Icelandair, Össuri og Marel nema af því að hugrakkir fjárfestar keyptu hlutafé í þessum fyrirtækjum þegar þau voru ung nýsköpunarfyrirtæki.

Til að uppskera ávexti nýsköpunar þurfum við því hugrakka fjárfesta sem eru tilbúnir til að taka upplýsta áhættu og fjárfesta í duglegum frumkvöðlum. Þessir fjárfestar eru vandfundnir. Samkvæmt Íslandsskýrslu ráðgjafarfyrirtækisins McKinsey, sem kom út haustið 2012, ættu Íslendingar að fjárfesta fyrir aðminnsta kosti þrjá milljarða árlega í ungum nýsköpunarfyrirtækjum með mikla alþjóðlega vaxtarmöguleika. Þetta er ekki há upphæð sem hlutfall af heildarfjárfestingum Íslendinga, því þegar kemur að

uppbyggingu nýsköpunarfyrirtækja er hægt að gera mjög mikið fyrir lítið. Að óbreyttu er þó ólíklegt að við náum þessu markmiði sem McKinsey setti okkur á næstu árum. Nýsköpunarsjóður hefur takmarkað laust fjármagn til setja inn ný fyrirtæki og aðrir sjóðir eru fullfjárfestir.

Undanfarin ár hefur nýsköpun verið í tísku og ýmsar stofnanir og fyrirtæki eflt stuðning og þjónustu við frumkvöðla sem eru að stíga sín fyrstu skref í nýsköpun. Þetta er að sjálfsögðu mjög jákvæð þróun sem hefur skilað sér í vönduðum fjárfestingartækifærum fyrir sjóði eins og Nýsköpunarsjóð. Því miður hefur ekki orðið jafnmikill vöxtur í fjárfestingu í nýsköpun.

Eðlilega hefur töluvert fjármagn farið í endurskipulagningu og endurfjármögnun rótgróinna rekstrarfélaga sem fóru illa út úr fjármálahruninu 2008. Það má þó ætla að þessari endurskipulagningu sé lokið og fagfjárfestar eins og lífeyrissjóðir leiti annarra fjárfestingartækifæra. Fjárfesting í nýsköpunarfyrirtækjum og nýsköpunarsjóðum ætti að vera einn af þessum fjárfestingarkostum.

Sumir fjárfestar urðu afhuga því að fjárfesta í nýsköpunarfélögum eftir að hafa tapað á fjárfestingum upp úr síðustu aldamótum. Mikið hefur breyst í nýsköpunarumhverfinu síðan þá. Frumkvöðlar jafnt sem fjárfestar hafa lært af reynslunni og margt er gert til að lágmarka og stýra þeirri eðlilegu áhættu sem fylgir því að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum. Það krefst nefnilega líka hugrekkis að horfa heiðarlega á fortíðina og læra af reynslunni og nýta sér þá þekkingu og gera betur næst.

Nýsköpunarumhverfið á Íslandi stendur á krossgötum. Hér er fullt af góðum fjárfestingartækifærum en yfirvofandi skortur á fjármagni til að fjárfesta í þessum tækifærum. Við hjá Nýsköpunarsjóði hvetjum fagfjárfesta á að sýna hugrekki og taka



þátt í að fjárfesta með okkur, í okkur eða samhliða okkur í þessu skemmtilega og fjölbreytta íslenska nýsköpunarumhverfi. Þegar faglega er staðið að hlutunum þá högnumst við öll.

Það er ánægjulegt að segja frá því að á fjárlögum ársins 2013 var ákveðið að setja 500 milljónir í grænan sjóð sem stuðlar að grænni nýsköpun. Græni sjóðurinn verður góð viðbót við nýsköpunarsjóð. Þessi ákvörðun mun hjálpa Íslandi að byggja upp ný þekkingarfyrirtæki í græna hagkerfinu. Vonast er til þess að græni sjóðurinn verði hvati fyrir frumkvöðla og aðra fjárfesta að huga að nýsköpun sem hefur jákvæð áhrif á umhverfið. Það er því ljóst að NSA auglýsir ekki eingöngu eftir hugrökkum frumkvöðlum og fjárfestum heldur mega þeir einnig vera í lit – helst grænir.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (NSA) skilaði 116 milljóna króna hagnaði árið 2012. Þessi hagnaður er aðallega tilkominn vegna sölu á hlutafé í Marorku til þýsks fjarfestingarsjóðs. Í Marorku náði NSA að meira en áttfalda upphaflega fjárfestingu á tæpum sex árum og er mjög gott dæmi um hversu arðbær fjárfesting í nýsköpun getur verið. Fleiri útgöngur voru ekki á árinu 2012. Tvö fyrirtæki í eignasafni sjóðsins hættu starfsemi á árinu sem undirstrikar þá áhættu sem fylgir fjárfestingu í nýsköpunarfyrirtækjum.

Um áramótin 2012-2013 átti NSA í 36 fyrirtækjum sem samtals voru með 4,1 milljarð í tekjur tekjur, þar af voru 80% af þessum tekjum af útflutningi. Hjá þessum fyrirtækjum störfuðu 434 starfsmenn.

Nýsköpunarsjóður telur það mikilvægt að taka þátt í uppbyggingu öflugs sprotaumhverfis á Íslandi og styrkir ýmis verkefni því tengd. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins veitti tæpar tvær milljónir í styrki á árinu. Sjóðurinn veitti peningalega styrki til Seed Forum, Start Up Iceland og Nýsköpunarverðlauna Íslands. Jafnframt tók sjóðurinn þátt í hlutafjárukningu Innovit.

Nýsköpunarsjóður tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi fjárfestingarsjóða. Sjóðurinn er aðili að British Venture Capital Association, Nordic Venture Network og European Venture Capital Association. Alþjóðasamstarf einfaldar sjóðnum að efla tengsl við erlenda fjárfesta og læra bestu aðferðafræði við rekstur nýsköpunarsjóða.

Á árinu 2012 bárust 110 erindi til Nýsköpunarsjóðs, af þeim voru 56 kynnt fyrir fjárfestingarráði sjóðsins. Af þeim fengu 22 frekari greiningu. Stjórn Nýsköpunarsjóðs samþykkti fjárfestingu í þremur nýjum fyrirtækjum á árinu.

Fyrirtækin eru:

- Clara sem selur hugbúnað til umsýslu og greiningar á umræðuvefjum fyrirtækja. Clara er með skrifstofur í Reykjavík og Kísildal og alþjóðlega viðskiptavinum eins og Sony Playstation. Nýsköpunarsjóður seldi hlut sinn í Clara í apríl 2013 með góðri ávöxtun.
- Gangverð sem þróar hagnýt tölfraeðilíkon til að greina lánasöfn fasteigna- og bílalána. Fyrsta vara félagsins, Verðvísir, kom á markað árið 2012.
- Andrea Maack Parfums sem býður upp á hágæðailmvörur með óvenjulegum uppruna. Andrea Maack notar nýstárlegar aðferðir í markaðssetningu sem hafa vakið athygli og skilað góðri sölu um allan heim.

Nýsköpunarsjóður studdi jafnframt við vöxt á 10 fyrirtækjum sem þegar voru í eignasafni sjóðsins. Heildarfjárfesting sjóðsins í hlutafé var 537 mkr. og ný lán námu 553 mkr. Þá ber að geta þess að sjóðurinn greiddi 218 mkr. inn í samlagsjóðina Auði 1 og Frumtak á árinu.

Samkvæmt efnahagsreikningi voru heildareignir sjóðsins 5,3 milljarðar króna í árslok 2012, þar af var eignarhlutur í fyrirtækjum kr. 2,9 milljarðar. Eign NSA í samlagsjóðunum Frumtaki, AUÐI 1 og Brú 2 var samtals 1,4 milljarðar.

Nýsköpunarsjóður vinnur nú kappsamlega að því að selja hlut sinn í þroskaðri eignum, til þess að hafa fjárfestingagetu í framtíðinni. Útgöngur undanfarin ár sýna að það er vel hægt að hagnast á nýsköpun og vonumst við hjá NSA til að geta nýtt slíkan hagnað til að halda áfram og fjárfesta í komandi kynslóðum fyrirtækja ásamt öðrum hugrökkum fjárfestum.

Að lokum vil ég þakka stjórn og starfsmönnum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir ánægjulegt samstarf á árinu 2012.

*Helga Valfells, framkvæmdastjóri NSA.*

## Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins



### **Orri Hauksson, stjórnarformaður NSA**

Orri er vélaverkfræðingur frá HÍ og MBA frá Harvard Business School. Orri er framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins síðan í ágúst árið 2010. Hann hefur gegnt ýmsum stjórnunarstöðum og hefur undanfarin ár sinnt fjárfestingum og setið í stjórnnum nokkurra fyrirtækja fyrir hönd Novator, aðallega á sviði fjarskipta og hreinna orkugjafa í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum. Orri situr í stjórn Lífeyrissjóðsins Gildis. Hann var áður framkvæmdastjóri þróunarsviðs Símans og aðstoðarmaður forsætisráðherra á árunum 1997-2000.



### **Guðný Hrund Karlsdóttir, varaformaður stjórnar NSA**

Guðný er fædd og uppalin í Keflavík og stúdent frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Hún lauk cand. oecon-prófi í viðskiptafræðum af fjármálasviði frá Háskóla Íslands árið 1998. Hún var ráðgjafi hjá Streng hf. 1998-2002 og sveitarstjóri á Raufarhöfn 2002-2006. Frá árinu 2006 hefur Guðný starfað sem viðskiptastjóri hjá Maritech ehf. Guðný er varaformaður stjórnar NSA, stjórnarformaður Ábyrgðarsjóðs launa og situr sem varamaður í stjórn Samkeppniseftirlitsins.



### **Arnar Sigurmundsson**

Arnar er fæddur í Vestmannaeyjum 1943. Hann hefur verið formaður Samtaka fiskvinnslustöðva - SF - frá 1987 og formaður stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða frá 2006. Arnar tók virkan þátt í undirbúningi að stofnun Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins árið 1997 fyrir hönd sjávarútvegsins og hefur átt sæti í stjórn sjóðsins frá upphafi, þar af sem formaður frá 1997-2004 og 2010. Arnar átti sæti í bæjarstjórn Vestmannaeyja um fimmtán ára skeið og hefur frá 2006 verið formaður framkvæmda- og hafnarráðs Vestmannaeyjabæjar.



### **Finnbjörn Aðalvíkingur Hermannsson**

Finnbjörn er fæddur í Reykjavík 1954. Hann er húsasmiður, með uppeldis- og kennslufræðimenntun frá KHÍ og diplómanám í mannauðsstjórnun frá HR. Finnbjörn hefur verið formaður Trésmiðafélags Reykjavíkur, nú Fagfélagsins, frá 1997 og Samiðnar, sambands iðnfélaga, frá 1998. Hann tók þátt í undirbúningi að stofnun Nýsköpunarsjóðs og var varamaður í stjórn á árunum 1997-2001. Finnbjörn hefur verið stjórnarmaður í NSA frá 2010. Finnbjörn situr í miðstjórn ASÍ og stjórn Iðunnar fræðsluseturs auk ýmissa nefnda og ráða á vegum verkalyðshreyfingarinnar.



### **Sigrún Valdimarsdóttir**

Sigrún er fædd í Reykjavík 1955 og uppalin í Kópavogi. Hún starfaði hjá Tryggingastofnun ríkisins og Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 1978-1983. Sigrún var sauðfjárbóndi frá 1983-2000 og ferðapjónustubóndi frá 1988. Sigrún situr í stjórn Félags ferðapjónustubænda, Selaseturs Íslands og er formaður ferðamálafélags Vestur-Húnavatnssýslu.



## Starfsmenn Nýsköpunarsjóðs í stjórnum fyrirtækja



### Helga Valfells, framkvæmdastjóri

Helga lauk BA-prófi í hagfræði og enskum bókmenntum frá Harvard University 1988 og MBA-prófi frá London Business School árið 1994. Helga hefur unnið hjá Estée Lauder UK, Merrill Lynch International Europe og Útflutningsráði Íslands. Helga hefur jafnframt starfað sem sjálfstætt starfandi ráðgjafi og aðstoðarmaður Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra. Helga hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði í ágúst 2009 og var ráðin framkvæmdastjóri í mars 2010.

### Stjórnarseta fyrir NSA:

Frumtak (formaður)  
Gagnavarslan (formaður)  
Gangverð (formaður)  
Innovit  
Mentor (formaður)  
Transmit



### Egill Másson, fjárfestingastjóri NSA

Egill lauk BS-prófi í tölvunar- og eðlisfræði frá Háskólanum í Kaupmannahöfn 1987 og MS-prófi í tölvunarfræði frá sama skóla 1990. Hann starfaði sem forritari hjá Niels Bohr Institut og við rannsóknir hjá NEuroTech A/S í Danmörku. Egill starfaði hjá Taugagreiningu hf. í 16 ár, fyrst við rannsóknir og síðar sem framkvæmdastjóri. Hann vann síðan við markaðsstörf hjá bandaríska félaginu CareFusion í þrjú ár og var yfirmaður viðskiptagreindar og hugbúnaðarhögunar hjá Arion banka í þrjú ár. Egill hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði 2010.

### Stjórnarseta fyrir NSA:

CLARA  
Gogogic  
Gogoyoko  
GreenQloud  
Menn og mýs (formaður)  
Mentis Cura  
ReMake Electric  
Stiki (formaður)  
Transmit (formaður)



### Gísli Benediktsson, fjárfestingastjóri NSA

Gísli lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1967 og útskrifaðist síðan frá viðskiptadeild Háskóla Íslands árið 1971. Gísli hefur unnið hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins frá stofnun. Áður var hann sérfræðingur hjá lðnlánasjóði og hafði þá m.a. umsjón með vörubrúunar- og markaðsdeild sjóðsins. Eftir útskrift frá viðskiptadeild HÍ starfaði Gísli sem skrifstofustjóri hjá Félagi íslenskra iðnrekenda í fjögur ár og útibússtjóri hjá lðnaðarbanka Íslands hf. í eitt ár.

### Stjórnarseta fyrir NSA:

Auris (formaður)  
Dohop  
Kine  
Lífeind  
Menn og mýs  
Primex  
Stjörnu Oddi  
Valka  
Videntifier Technologies



### Hekla Arnardóttir, fjárfestingastjóri NSA

Hekla lauk C.Sc.-prófi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands vorið 1999. Frá því að námi lauk starfaði hún hjá stoðtækjafyrirtækinu Össuri hf., fyrst við vörubrúun og prófanir í þróunardeild en síðar við markaðssetningu og vörustjórn á Asíumarkaði. Hekla tók þátt í að setja á stofn útibú Össurar í Shanghai og rekstri þess fyrsta árið. Hekla hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði sumarið 2010 og er einn af fjárfestingastjórum sjóðsins.

### Stjórnarseta fyrir NSA:

3Z  
Andrea Maack  
Cooori  
Expeda  
Gogoyoko  
Kerecis. formaður.  
Mint Solutions



### Smári Þórarinnsson, fjármálastjóri

Smári er fjármálastjóri Nýsköpunarsjóðs og hefur verið það frá stofnun hans 1998. Hann starfaði áður hjá Fiskveiðasjóði Íslands frá 1978-1997, fyrst sem bókari og svo deildarstjóri tölvudeildar. Hann gegndi stöðu aðalbókara hjá Fiskveiðasjóði Íslands árið 1992-1997.

### Stjórnarseta fyrir NSA:

Akthelia  
Norrænar myndir  
Oxymap

## Aðrir fulltrúar Nýsköpunarsjóðs í stjórnnum fyrirtækja



### Elín Þórðardóttir

Elín er með BS-gráðu í rekstrarhagfræði frá háskólanum í Álaborg í Danmörku og Msc frá sama skóla í stjórnun og stefnumótun fyrirtækja. Elín Þórðardóttir hefur yfir 20 ára reynslu sem stjórnandi og er forstjóri Opin kerfi Group hf. og stjórnarformaður Kerfi AB í Svíþjóð. Áður hefur Elín meðal annars starfað sem fjármálastjóri deCODE Genetics, sem breytingastjóri Eimskips og sem fjármálastjóri B&L.

### Stjórnarseta fyrir NSA:

Norrænar myndir ehf.



### Finnur Árnason

Finnur Árnason er stúdent frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og búfræðingur frá Hvanneyri. Hann lauk BSc.-námi í efnafræði við Háskóla Íslands og fil. cand.-prófi í rekstrarhagfræði frá Háskólanum í Gautaborg. Finnur starfaði hjá Nýsköpunarsjóði á árinu 1999 -2012.

### Stjórnarseta fyrir NSA:

Genís ehf.



### Jón Steindór Valdimarsson

Jón er stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1978. Hann lauk embættisprófi í lögum frá HÍ árið 1985. Hann starfaði um tíma í fjármálaráðuneytinu en síðan hjá Vinnumálasambandinu. Réðst til Félags Íslenskra iðnrekenda 1988 og starfaði síðan hjá Samtökum iðnaðarins frá stofnun þeirra haustið 1993, lengst af sem aðstoðarframkvæmdastjóri en framkvæmdastjóri frá hausti 2007.

### Stjórnarseta fyrir NSA:

Geogreenhouse ehf.





**Starfsmenn Nýsköpunarsjóðs**

*Hekla Arnardóttir,*

*Helga Valfells,*

*Egill Másson,*

*Svala Vignisdóttir,*

*Gísli Benediktsson*

*og Smári Þórarinnsson.*



*Mistök má fyrirgefa,  
ef við þorum að viðurkenna þau.*

*-Bruce Lee*

*Maðurinn getur ekki  
uppgötvað ný úthöf nema  
hann þori að missa sjónar  
á ströndinni.*

*-André Gide*

*Þú kemur engu í verk í þessum heimi án  
bugrekkis. Að göfuglyndinu undanskildu er  
það merkasti eiginleiki mannhugans.*

*-Óþekktur höfundur*

*Mistök eru minnsta  
málið. Það er ekki  
heiglum hent að gera  
sig að fifli.*

*-Chaplin*

*Góðar hugmyndir  
komast ekki í gagnið  
áreynslulaust. Maður  
þarf að drífa þær  
í framkvæmd með  
þrautseigju og þori.*

*-Rickover*

---

Helstu fjárfestingar  
Nýsköpunarsjóðs  
atvinnulífsins

---




Karl Ægir Karlsson, lektor við tækni- og verkfræðideild HR, stofnaði 3Z ásamt Háskólanum í Reykjavík og Haraldi Þorsteinessyni. Karl Ægir og Haraldur Þorsteinsson hafa verið lykilstarfsmenn frá upphafi og hafa þeir bakgrunn í taugasálfræði og taugavísindum.

**3Z** er ungt sprotafyrirtæki sem sprettur upp úr öflugu rannsóknarumhverfi innan tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík. Fyrirtækið hefur það að markmiði að markaðssetja aðferð þar sem sebrafiskar eru notaðir til skimunar á sameindum sem hafa áhrif á miðtaugakerfið og stunda þannig skipulega leit að miðtaugakerfislyfjum framtíðarinnar. Aðferðirnar eru mun ódýrari, hraðvirkari og mannúðlegri en þær sem mest eru notaðar í dag. 3Z stefnir á að bjóða skimunarþjónustuna til fyrirtækja í lyfjaþróun. Eins og áður segir byggjast aðferðir 3Z á rannsóknum sem fram hafa farið við Háskólann í Reykjavík. Háskólinn hefur enn fremur stutt við uppbyggingu fyrirtækisins með margvíslegum hætti og hefur fyrirtækið rannsóknaraðstöðu í háskólanum. Einnig hlaut 3Z mikilvægan styrk frá Tækniþróunarsjóði við upphaf starfseminnar, sem gerði frumþróun aðferða og ferla mögulega.

[www.3Z.is](http://www.3Z.is)

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2012

Helstu hluthafar	%
Karl Ægir Karlsson	39,0
Háskólinn í Reykjavík	21,0
Nýsköpunarsjóður	30,0
Aðrir	10,0



**AGR** þróar og selur lausnir til hagræðingar í rekstri aðfangakeðjunnar. Félagið var stofnað árið 1998 í framhaldi af rannsóknarverkefnum við verkfræðideild Háskóla Íslands. Fyrirtækið hefur undanfarin ár þróað aðferðir og hugbúnað fyrir alþjóðlegan markað í nánú samstarfi við Rannís og Háskólann í Reykjavík. Helsta afurð fyrirtækisins er AGR Inventory Optimiser sem innleitt hefur verið hjá yfir 60 fyrirtækjum í 20 löndum. Kerfið framkvæmir söluspár fyrir hverja vöru og velur sjálfvirkt þá fræðilegu spáaáferð sem hentar best fyrir hverja vöru. Kerfið reiknar síðan út hversu miklar öryggisbirgðir fyrirtæki þurfa og leitast við að lágmarka það fé sem bundið er í birgðum en á sama tíma að eiga vöruna tiltæka þegar viðskiptavinurinn þarf á henni að halda. Helstu markaðssvæði AGR eru í Evrópu með áherslu á Norðurlöndin, Bretland og Holland. Fyrirtækið rekur tvær skrifstofur undir merkjum AGR, í Bretlandi og Danmörku, en vinnur einnig náði með mörgum þekktum endursöluaðilum á meginlandinu.


[www.agr.is](http://www.agr.is)



AGR var stofnað árið 1998 af Gísla Reynissyni, Hálfadáni Guðna Gunnarssyni, Páli Jenssyni og Sveini Stefáni Hannessyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Haukur Þór Hannesson.

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2000

Helstu hluthafar	%
Frumtak	42,7
Nýherji	20,7
Haukur Hannesson	10,3
Nýsköpunarsjóður	8,9
Aðrir	17,4







Akthelia Pharmaceuticals var stofnað árið 2002 af íslensku og sænsku vísindamönnum Eiríki Steingrímssyni, Guðmundi H. Guðmundssyni, Önnu Birgittu Agerberth og Kurt Roger Strömberg.

**Akthelia Pharmaceuticals** þróar sýklalyf sem innihalda vissar smásameindir sem geta örvað meðfæddar varnir líkamans og þannig unnið bug á smitsjúkdómum. Lyfjaþróunin byggist á niðurstöðum rannsókna við Háskóla Íslands og Karolinska Institutet í Stokkhólmi. Lyf þessi verka á annan hátt en hefðbundin sýklalyf og er því um að ræða nýja nálgun á meðferð gegn smitsjúkdómum. Lyfin gætu m.a. reynst gagnleg gegn sýklstofnum sem eru ónæmir fyrir hefðbundnum sýklalyfjum. Akthelia hefur nú sótt um tvö einkaleyfi til verndar tækninni sem lyfjaþróunin byggist á. Í gangi eru forklínískar og klínískar rannsóknir sem prófa virkni tækninnar gegn sýkingum í meltingarvegi og öndunarfærum. Leitað er að samstarfsaðilum til að fjármagna áframhaldandi lyfjaþróun.

[www.akthelia.com](http://www.akthelia.com)

**ANDREA MAACK** er íslenskt ilmvatnshús, hugarfóstur myndlistarmannsins Andreu Maack og á uppruna sinn að rekja til myndlistarsýninga hennar. Fyrirtækið var stofnað 2010 og í framhaldinu hófst öflug markaðssetning erlendis og eru ilmvötnin nú seld í hágæðaverslunum víðsvegar um heim. Þjónusta fyrirtækisins er að bjóða upp á hágæða-ilmvörur með óvenjulegan uppruna. Samstarf Andreu við ilmvatnsgerðarmennina (perfumera) er nýstárlegt en þeir setja saman ilmvötn út frá hugarheimi og myndlistarverkum hennar. Starfsmenn fyrirtækisins eru Gísli Sverrisson framkvæmdastjóri og Andrea Maack, listrænn stjórnandi.

## ANDREA MAACK

Andrea Maack var stofnað af Andreu Maack og Gísla Sverrissyni árið 2011. Framkvæmdastjóri félagsins er Gísli Sverrisson.

### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008

Helstu hluthafar	%
Birgitta Agerberth	18,4
Eiríkur Steingrímsson	18,4
Guðmundur H. Guðmundsson	18,4
Roger Stromberg	18,4
Nýsköpunarsjóður	22,8
Aðrir	3,6



### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2013

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	30,0
Frumkvöðlar	70,0





Auris var stofnað árið 1999 af Guðrúnu Sæmundsdóttur og Karli G. Kristinssyni.

**Auris** ehf. vinnur að þróun á nýju lyfi til útvortis notkunar gegn bráðri miðeyrnabólgu. Viðskiptahugmyndin felur í sér notkun velþekkts bakteríudrepani efnis sem komið er fyrir í sérhönnuðum eyrnatöppum, sem komið er fyrir í ytra eyra. Meðferðinni er ætlað að koma í stað hefðbundinnar sýklalyfjameðferðar. Sýklalyfjameðferð fylgja oft auka-verkanir og því mikil þörf innan heilbrigðiskerfisins á öðru meðferðarúrræði. Unnið hefur verið að klínískum rannsóknum þar sem lyfið var prófað á börnum með bráða miðeyrnabólgu. Nú er unnið að kynningu á niðurstöðunum fyrir erlendum aðilum með því markmiði að efna til samstarfs við áframhaldandi þróun og til undirbúnings fyrir markaðssetningu lyfsins.

**Betware** þróar leikjalausnir fyrir lotterí sem gerir þeim kleift að auka tekjur sínar með sölu í gegnum net og farsíma. Betware býður viðskiptavinum sínum upp á alhliðalausn fyrir leiki á netinu. Lausn fyrirtækisins gerir viðskiptavinum kleift að bæta ofan á lausn Betware-leikjum frá þriðja aðila. Betware framleiðir einnig eigin lottó-, skafmiða-, casino-, póker-, bingó- og afþreyingarleiki. Viðskiptavinir Betware eru m.a. Íslenskar getraunir, Íslensk getsþá, danska ríkislóttóið, spænska ríkislóttóið og fylkislóttóið í Bresku Kólumbíu í Kanada. Betware leggur ríka áherslu á að fjölga viðskiptavinum. Framtíð fyrirtækisins er björt og eru væntingar um að markaðs- og sölustarf þess á liðnum misserum skili sér í fjölgun viðskiptavina. Betware varð fyrsta fyrirtækið í sínum geira til að bjóða upp á netleikjalausnir fyrir Íslenskar getraunir árið 1996.




Betware var stofnað árið 1996 af Stefáni Hrafnkelssyni og Margmiðlun hf. Framkvæmdastjóri félagsins er Stefán Hrafnkelsson.

[www.betware.is](http://www.betware.is)

-

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2002

Helstu hluthafar	%
Guðrún Sæmundsdóttir	31,3
Nýsköpunarsjóður	19,8
Karl G. Kristinsson	15,1
Encode	7,7
Aðrir	26,1



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2001

Helstu hluthafar	%
Stefán Hrafnkelsson	16,5
Skógur ehf.	16,0
Ólafur Andri Ragnarsson	8,8
Hannes Hrafnkelsson	8,2
Anna Ólafía Sigurðardóttir	7,7
Nýsköpunarsjóður	1,7
Aðrir	41,1





*Andrea Maack hjá Andrea Maack Parfums.*

# CLARA

Frumkvöðlar að baki CLARA eru Gunnar Hólmsteinn og Jón Eðvald Vignisson. Gunnar Hólmsteinn er framkvæmdastjóri. Jive Software Inc keypti alla starfsemi Clara ehf. í apríl 2013.

**CLARA** ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði umsýslu og greiningar á umræðuvefjum fyrirtækja. Félagið sérhæfir sig í því að greina mikið magn af texta og draga úr því upplýsingar, sem auðveldar viðskiptavinum að fá yfirsýn yfir umræðuna sem myndast um fyrirtæki, vörumerki og einstaklinga. Vara fyrirtækisins, CLARA Insight er nýstárlegt markaðsrannsóknatól, sem beitir háþróaðri gervigreind til þess að sjálfvirk greina viðhorf, tilfinningar og hegðun notenda á slíkum spjall- og samfélagsvefjum og býr til sjálfvirkar skýrslur. Meðal fyrirtækja sem nota CLARA Insight eru íslenska fyrirtækið CCP, Square Enix (framleiðendur Final Fantasy-leikjanna), Sony PlayStation Home og Sony Online. CLARA var stofnað 2008, vann annað sæti í Gullegginu sama ár og hefur fengið tvo þriggja ára styrki frá Tækniþróunarsjóð 2008 og 2010. Jive Software Inc (NASDAQ:JIVE) keypti alla starfsemi sprotafyrirtækisins Clara ehf. í apríl 2013.

[www.clarahq.com](http://www.clarahq.com)

**Cooori** er ungt og ört vaxandi íslenskt sprotafyrirtæki sem þó byggir á áralöngu rannsóknar- og þróunarstarfi. Cooori býður vef-lausnir til tungumálanáms sem byggjast á nýjustu tækni í gervigreind, talgreiningu og gagnavinnslu. Lausnir sem geta valdið straumhvörfum í skilvirkni tungumálanáms í heiminum og byggja á flókinni tækni sem er í alþjóðlegu einkaleyfisferli og á sér ekki hliðstæðu. Í fyrstu útgáfu kerfisins er enskumælandi fólki hjálpað að læra japönsku en formlegur rekstur með áskriftargjöldum hófst í maí 2012. Önnur tungumálapör munu fylgja í kjölfarið. Auk þess hefur Cooori gefið út sérlausnir fyrir snjalltæki.


[www.cooori.com](http://www.cooori.com)



Cooori var stofnað árið 2010 af Arnari Þór Jenssyni, Birni Kristinssyni, Eyþóri Eyjólfssyni, Herði Kristbjörnssyni, Jens Björgvini Helgasyni, Steindóri Emil Sigurðssyni og Þorsteini Guðlaugi Gunnarssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Arnar Þór Jensson.


## Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2012

Helstu hluthafar	%
Gunnar Hólmsteinn	11,0
Jón Eðvald Vignisson	9,9
Auro Investment Partners	23,7
Nýsköpunarsjóður	20,6
Aðrir	34,8



## Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2011

Helstu hluthafar	%
Arnar Jensson	26,7
Nýsköpunarsjóður	29,4
Jens Björgvin Helgason	13,7
Aðrir	30,2





Dohop var stofnað af Frosta Sigurjónssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Kristján G. Bjarnason.

**Dohop** var stofnað 2004 til að þróa og reka vef sem auðveldar neytendum um allan heim að finna ódýrar flugferðir og tengingar milli þeirra, hvort sem flogið er með lágfargjaldaflugfélögum eða ekki. Í dag fær vefurinn heimsóknir frá flestum löndum heims enda til á 26 tungumálum og mánaðarlega koma u.þ.b. 600 þúsund gestir inn á vefinn. Dohop hefur gert auglýsingasamninga við hundruð flugfélaga og ferðaskrifstofa en auk þess selur Dohop flugfélögum og flugvöllum flugleitina sem þau nýta á eigin vefjum. Á vef Dohop er einnig að finna hótél- og bílaleiguleit sem unnin er í samstarfi við erlend fyrirtæki. Tæknin á bak við vefinn stendur traustum fótum og getur auðveldlega afkastað margfalt fleiri gestum. Á undanfögnu ári var því lögð meiri áhersla á sölu- og markaðsstarf og áfram verður haldið á þeirri braut á komandi misserum.

[www.dohop.is](http://www.dohop.is)

**Expeda** býr til veflausnir sem gera læknum, heilbrigðisstarfsmönnum og einstaklingum mögulegt að nálgast og nýta læknisfræðilega sérfræðiþekkingu á sviði beinþynningar og sjálfsöfnæmissjúkdóma. Þjónusta fyrirtækisins er gerð aðgengileg í gegnum hefðbundnar PC-tölvur sem og önnur veflæg jaðartæki s.s. snjallsíma og töflur (öpp). Fyrirtækið veitir viðskiptavinum sínum læknisfræðilega sérfræðiráðgjöf á þremur megin sviðum, þ.e. á sviði forvarna, greiningar og meðferðar þeirra sjúkdóma sem um ræðir. Megináherslur fyrirtækisins eru að svara þörfum þriggja markaða, lyfja-iðnaðar, tryggingastarfsemi og einstaklingsmarkaðar sem eru sjálfstætt starfandi lækna- og einstaklingar. Fyrirtækið vinnur með heimsþekktum innlendum og erlendum vísindamönnum að vöruþróun og markaðssetningu á þjónustu sinni og hafa Evrópa og Bandaríkin verið skilgreind sem helstu markaðssvæði fyrirtækisins.


[www.expeda.is](http://www.expeda.is)



Félagið var stofnað árið 2008. Framkvæmdastjóri þess er Björn Rúnar Lúðvíksson.


#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	10,8
Aðrir	89,2



#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2011

Helstu hluthafar	%
Lífsnet ehf.	28,6
Per Schmidt	14,3
Björn Guðbjörnsson	14,3
Intellix Holdings	12,8
Nýsköpunarsjóður	27,1
Aðrir	2,9







Fyrirtækið var stofnað árið 2007. Framkvöðull og framkvæmdastjóri Gagnavörslunnar er Brynja Guðmundsdóttir.

**Gagnavarslan** býður upp á heildarlausn á sviði skjalamála og varðveislu. Gagnavarslan býður upp á sérfræðipjónustu við greiningu rekstrarferla og gerð skjalaáætlana. Þá sér fyrirtækið um að varðveita gögn eins og skjöl, muni og menningarminjar fyrir fyrirtæki og stofnanir á öruggan og skipulagðan hátt í sérhæfðu vörsluhúsnæði. Fyrirtækið hefur þróað hugbúnaðinn CORE data sem er öflugt upplýsinga-stýringakerfi.

[www.gagnavarslan.is](http://www.gagnavarslan.is)

**Gangverð** þróar hagnýt tölfræðilíkön sem nýtast á sviði fjármála, markaðsviðskipta og hagfræðilegrar greiningar. Fyrirtækið hefur þróað vöruna Verðvísi fyrir fagaðila í eignaviðskiptum og fjármögnun sem gefur betri upplýsingar en áður hafa verið aðgengilegar um verð og verðþróun fasteigna og bifreiða. Þessar upplýsingar nýtast t.d. við mat á umsóknum um lán með veðum í slíkum eignum og til umsýslu og eftirlits með lánasöfnum og verðbréfum sem byggjast á veði í slíkum eignum. Verðvísir Gangverðs veitir hlutlægar og óháðar upplýsingar um eignaverð við ákvarðanatöku um lánveitingu og eftirlit lánasafna og segir jafnframt til um hversu traust verðmatið er. Með hjálp Verðvísis er hægt að gera álagspróf og leggja mat á líklega þróun lánsáhættu miðað við mismunandi forsendur um framvindu efnahagsmála.




**GANGVERÐ**

Sigurður Ingólfsson stofnaði Gangverð árið 2011 og er framkvæmdastjóri félagsins.


#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2009

Helstu hluthafar	%
Core Invest ehf.	18,7
Auður I fagfjárfestarsjóður	18,4
Nýsköpunarsjóður	17,0
Andrea Rafnar	13,4
Aðrir	32,5



#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2012

Helstu hluthafar	%
Steinstún ehf.	60,0
Nýsköpunarsjóður	20,0
Sigurður I. Björnsson	10,0
Melanie Cary	10,0



*„Það er allt hægt ef viljinn er fyrir hendi“*

*-Brynja Guðmundsdóttir, Gagnavörslunni.*





*Gunnar Hólmsteinn í Clara.*



Genís var stofnað af Hólshyrnu ehf. og Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins árið 2005. Framkvæmdastjóri félagsins er Jóhannes Gíslason.

**Genís** þróar nýjar aðferðir til að meðhöndla bólgu- og hrönnunarsjúkdóma einkum í bein- og brjóskef en einnig í öðrum vefjum líkamans. Áherslur eru þrífættar: Unnið er að þróun aðferða til að nota amínósykrur til að efla græðingarmátt skaddaðs beinvefs með ígræðsluefnum við skurðaðgerðir. Verið er að þróa sykruform sem hægt er að gefa um munn til að sporna gegn vefjaskemmdum af völdum bólgu. Unnið er að rannsóknum sem lúta að því að varpa ljósi á þá ferla sem liggja til grundvallar líffræðilegri virkni amínósykranna. Genís vinnur mikið með innlendum og erlendum vísindamönnum og hefur rekið samstarfsverkefni með átta erlendum háskólastofnunum og fyrirtækjum, tíu innlendum vísindamönnum, fjórum meistara- og doktorsnemum og tveimur innlendum sprotafyrirtækjum á sviði lyfjaþróunar.

[www.genis.is](http://www.genis.is)

**Geogreenhouse** ehf. var stofnað með það að markmiði að reisa hátæknigróðurhús til tómatframleiðslu við hlið jarðvarmavirkjunar. Staðsetningin gerir gróðurhúsinu kleift að nýta glatvarma, koltvísýring og ferskt vatn beint frá virkjuninni. Lýst gróðurhús af þessari stærð getur jafnað afltoppa og líkist því annarri stóriðju hvað raforkunotkun varðar. Hagræðið sem því fylgir gerir raforkukaup hagkvæmari. Framleiddir verða hágæðatómatar allt árið um kring sem eru lausir við skordýraeitur, kolefnisjafnaðir og framleiddir með fersku íslensku vatni. Ráðgert er að flytja alla þá tómatu sem framleiddir verða í gróðurhúsinu til útlanda.

[www.geogreenhouse.is](http://www.geogreenhouse.is)




GEORGREENHOUSE

Geogreenhouse var stofnað árið 2010 af Sigurði Kiernan, Sveini Aðalsteinssyni, Gunnlaugi Karlssyni og Bjarna Finnssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Sveinn Aðalsteinsson.


#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2005

Helstu hluthafar	%
Vor Limited	53,1
Hólshyrna	25,6
Nýsköpunarsjóður	21,3



#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2010

Helstu hluthafar	%
SFG	34,0
Investum	30,0
Nýsköpunarsjóður	20,0
Bjarni Finnsson	8,0
Primordia	8,0





Gogogic var stofnað af Lofti Reimari Gissurarsyni árið 2006.

Framkvæmdastjóri félagsins er Guðmundur Bjargmundsson.

**Gogogic** sérhæfir sig í gerð samfélagsleikja sem má aðlaga fyrir mismunandi miðla og tæki. Leikirnir eru af öllum stærðum en eru sérstaklega ætlaðir til þess að fólk geti nálgast þá og spilað með sem einföldustum hætti – til dæmis í gegn um vafra eða farsíma. Stærsti leikur félagsins er Gods Rule sem keyrir bæði í vafra og á iPad. Aðrir leikir sem félagið hefur gefið út eru Vikings of Thule, Tiny Places (iOS), Soft Freak Fiesta (iOS) og Symbol6 (iOS). Félagið hefur einnig sinnt þróunarvinnu fyrir önnur fyrirtæki í leikjaiðnaði, og þróaði t.d. leikinn Habitarium fyrir Nickelodeon.

[www.gogogic.com](http://www.gogogic.com)

**gogoyoko** var stofnað til þess að leiða þýðingarmikla breytingu í tónlistariðnaðinum með viðskiptalíkani sem nefnist „Fair Play in Music“ og setur rétt listamanna í algjöran forgang. Félagið býður „e-commerce“- lausn fyrir listamenn sem tryggir þeim hærri greiðslur en eru í boði hjá keppinautum auk þess að bjóða neytendum gjaldfrjálsa hlustun á góðu úrvali af „independent“ tónlist. Þá selur félagið streymisþjónustu til fyrirtækja og stofnana. Tilvistarheit gogoyoko er að færa „Fair Play in Music“ til alls heimsins.


[www.gogoyoko.com](http://www.gogoyoko.com)



Gogoyoko var stofnað árið 2007 af Hauki Magnússyni og Péttri Úlfi Jónssyni. Haukur Magnússon er framkvæmdastjóri félagsins.

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2009

Helstu hluthafar	%
Frumtak	70,0
Nýsköpunarsjóður	20,0
Go Invest	10,0



#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	40,2
Gogo Holding	12,8
Frumtak	13,8
Haukur D. Magnússon	6,0
Pétur Jóhann Einarsson	6,0
Strókur ehf.	5,7
Aðrir	15,5



## KERECIS

Kerecis var stofnað árið 2007 af Guðmundi Fertram Sigurjónssyni, dr. Baldri Tuma Baldurssyni, Hilmarí Kjartanssyni og J. Ernest Kenney. Framkvæmdastjóri félagsins er Guðmundur F. Sigurjónsson.

Lækningavörufyrirtækið **Kerecis** var stofnað til að mæta brýnni þörf fyrir bættu meðferð á sköðuðum vef m.a. í þrálátum sárum og kviðslitum, sem eru alvarleg heilbrigðisvandamál um allan heim. Kerecis þróar, framleiðir og markaðssetur Marigen-meðhöndlunarefnið fyrir skaðaðan vef t.a.m. í þrálátum sárum og Kerazin-krem m.a. til meðhöndlunar á fótahúðvandamálum og þurrum þrálátum sárum. Vörur fyrirtækisins byggjast á mECM- og mOmega3-tækninni, sem Kerecis hefur þróað og sótt um einkaleyfi fyrir. Á bak við Kerecis stendur hópur með mikla reynslu af lækningavörum og líftækni. Fyrstu vörurnar sem byggjast á mECM- og mOmega3-tækninni eru við það að ljúka prófunum og hefur nú þegar verið sótt um markaðsleyfi fyrir sáravöru fyrirtækisins og er ætlunin að sækja á markaði í Bandaríkjunum og Evrópu áður en langt um líður.

[www.kerecis.is](http://www.kerecis.is)

Þörfin fyrir algerlega þráðlaust margrásu EMG-kerfi (Electro MyoGramm) var ein af meginástæðum stofnunar **Kine**. Möguleikinn á að koma hreyfimyndum (vídeó) inn í slík kerfi hafði líka mikið að segja. Staðreyndin er sú að við höfum mikið af ýmiss konar þráðlausum kerfum, s.s. símum og öðrum tölvustýrðum kerfum í kring um okkur í dag. Þessi staðreynd styður þörfina fyrir þróun í þessa átt. Í framtíðinni sjáum við aukningu á margskonar þráðlausum kerfum og þau munu í auknum mæli verða hluti af notkunarsviðum fyrir fagfólk sem tengist endurhæfingu, forvarnarstarfi á heilbrigðissviði og tengdum sviðum.

[www.kine.is](http://www.kine.is)



Kine var stofnað árið 1996 af Baldri Þorgilssyni, Þórði Helgasyni og Ásmundi Eiríkssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Ásmundur Eiríksson.


### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2009

Helstu hluthafar	%
FnF ehf.	42,2
Nýsköpunarsjóður	36,3
Aðrir	21,5



### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2000


Helstu hluthafar	%
Kine Academy	45,5
Nýsköpunarsjóður	21,1
Vogun hf.	20,4
Aðrir	13,0







*Kristinn D. Grétarsson og Kristinn Johnsen í Mentis Cura.*



Lifeind var stofnað af Jóni Jóhannesi Jónssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Hans Guttormur Þormar.

**Lifeind** ehf. var stofnað árið 2001 og er að skapa sér sérstöðu innan líftæknigeirans með nýrri tegund tvívíðs rafdráttar til gæðagreiningar á flóknum kjarnsýrusýnum. Síðastliðin ár hafa starfsmenn Lifeindar unnið að þróun örgerlarafdráttarbúnaðar til að bjóða væntanlegum viðskiptavinum upp á einfalda og fljótvirka leið til að framkvæma tvívíðar rafdráttargreiningar á kjarnsýrum. Árið 2008 var stofnað systurfyrirtæki Lifeindar í Skotlandi, BioCule (Scotland) Limited. Það fyrirtæki hefur unnið að undirbúningi fyrir framleiðslu tækjabúnaðar, öflunar viðskiptasambanda og markaðssetningu. Félagið vinnur á grundvelli þriggja einkaleyfa. Markaðssetning tækjabúnaðar og rekstrarvara er hafin með kynningu tækninnar til valinna vísindamanna og rannsóknarstofnana.

[www.lifeind.com](http://www.lifeind.com)

**Menn og mús** ehf. þróar og selur hugbúnaðarlausnir til stjórnunar á DNS-, DHCP- og IP-innviðum (DDI) fyrir stór alþjóðleg fyrirtæki undir nafninu Men & Mice Suite. Undir kjörorðunum „First Choice in IP Address Managent“ leggur fyrirtækið áherslu á vandaða vöru, þekkingu og þjónustu. Menn og mús var stofnað árið 1990 kringum skólaverkefni við gerð stundaskráforrits. Árið 1995 var hafin vinna við gerð fyrsta QuickDNS sem var fyrsti DNS-þjónninn fyrir Mac-umhverfi. Félagið er fjárhagslega sterkt og hefur verið rekið með hagnaði undanfarin ár, 99% tekna koma frá erlendum stórfyrirtækjum og markaður fyrir DDI er í hröðum vexti. Í dag starfa 29 starfsmenn hjá félaginu.


[menandmice.com](http://menandmice.com)

**MEN&MICE**

Menn og mús var stofnað af Péttri Péturssyni og Jóni Georgi Aðalsteinssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Jón R. Kristjánsson.


#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2001

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	43,7
Jón Jóhannes Jónsson	31,5
Tækniþróun ehf.	6,3
Aðrir	18,5



#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2001

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	24,4
Hiidenkivi Investment Oy	18,3
Magnolia Ventures Oy	18,2
Pétur Pétursson	14,7
Jón Georg Aðalsteinsson	14,7
Aðrir	9,7







Mentis Cura var stofnað árið 2004 af Kristni Johnsen og Lyfjabróun ehf. Framkvæmdastjóri félagsins er Kristinn D. Grétarsson.

**Mentis Cura** hefur þróað aðferð sem greinir ýmsa heilasjúkdóma út frá heilalínuritum. Með aðferð félagsins er vonast til að sjúkdómar verði greindir fyrr en áður og af miklu meira öryggi fyrir minna fé. Greiningin geti aukið möguleika á árangursríkari meðferðum og einnig komið að mikilvægum notum við þróun á lyfjum. Fyrsta afurð félagsins er tilbúin og greinir hún hvort fólk með minnisglöp hafi heilasjúkdóminn Alzheimer eða aðrar heilabilanir. Búnaðurinn er í notkun á sjúkrahúsum hér og erlendis og markaðssetning er að hefjast í Evrópu. Fleiri afurðir eru í farvatninu og sú næsta verður á sviði ofvirkni og athyglisbrests hjá börnum.

[www.mentiscura.is](http://www.mentiscura.is)

**Mentor - Infomentor** Mentor var stofnað árið 2000. Frá upphafi hefur fyrirtækið unnið með skólum og byggir á rúmlega 20 ára reynslu af rekstri og þróun upplýsingakerfa. Á þessum árum hefur orðið mikil þróun og kerfið er notað af skólum, sveitarfélögum og íþróttafélögum í nokkrum löndum. Í dag selur Infomentor háþróað vefkerfi sem kennarar nota í sínu daglega starfi. Þeir útbúa áætlanir, merkja ástundun, skrá heimavinnu og einkunnir og meta frammistöðu nemenda miðað við námskrá. Mentor spilar stórt hlutverk í samskiptum heimilis og skóla. Mentor er með starfsstöðvar í fimm löndum. Auk höfuðstöðvanna á Íslandi er fyrirtækið með stöðvar í Svíþjóð, Þýskalandi, Sviss og Bretlandi.


[www.mentor.is](http://www.mentor.is)



Infomentor var stofnað árið 2000 sem Mentor af Jón Aðalsteynssini og hjónunum Pétri Péturssyni og Vilborgu Einarsdóttur. Framkvæmdastjóri er Vilborg Einarsdóttir

Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2009

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	17,8
Þorvaldur Gissurarson	12,8
Abelsnes Invest AS	11,7
Kristinn Johnsen	9,7
Aðrir	48,0



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2007

Helstu hluthafar	%
Frumtak	37,4
Vilborg Einarsdóttir	17,7
Jón Georg Aðalsteinsson	17,7
Nýsköpunarsjóður	13,9
Aðrir	13,3



*Frumkvöðullinn þarf að hafa óbilandi trú, hugrekki og bjartsýni. Skýr framtíðarsýn vísar veginn og gefur kraft. Síðan snýst þetta um úthald og seiglu og að gefast ekki upp þótt móti blási!*

*-Vilborg Einarsdóttir í Mentor.*



Mint Solutions var stofnað árið 2010 af Gauta Reynissyni, Ívari Helgasyni og Maríu Rúnarsdóttur. Framkvæmdastjóri félagsins er Gauti Reynisson.

Fyrirtækið **Mint Solutions** hefur hannað MedEye-lausnina sem auðveldar sjúkrastofnunum að hafa eftirlit með lyfjagjöfum. Markmið fyrirtækisins er að vera leiðandi í gerð lausna til lyfjaeftirlits á sjúkrastofnunum og hefja markaðssetningu erlendis. Mistök við lyfjagjöf eru alvarlegt vandamál sem allar sjúkrastofnanir glíma við og kostar fjölda mannlífa á ári hverju. MedEye skannar töflur myndrænt og greinir lyfjategundir til að koma í veg fyrir mistök. MedEye eykur öryggi við lyfjagjöf verulega og er einstakt í sinni röð. Sótt hefur verið um einkaleyfi á lausninni.

[www.mint.is](http://www.mint.is)

**NordicPhotos** ehf. sérhæfir sig í sölu ljósmynda eftir ljósmyndara á Norðurlöndunum í gegnum netið um allan heim ásamt því að selja ljósmyndir úr þekktum erlendum myndabönkum á Norðurlöndum. NordicPhotos er með samninga við yfir 500 ljósmyndara frá öllum Norðurlandþjóðunum ásamt umboðum fyrir um 100 erlend myndasöfn og hefur skapað sér sess sem eitt stærsta myndasafn á Norðurlöndunum. Á árunum 2003-2006 keypti NordicPhotos fjóra sænska ljósmyndabanka, IMS Bildbyrå, Mira Bildarkiv, Tiofoto og Greatshots. Árið 2007 keypti félagið norska fyrirtækið Gvpress. Starfsemi fyrirtækjanna hefur verið sameinuð rekstri NordicPhotos.

[www.nordicphotos.com](http://www.nordicphotos.com)



NordicPhotos ehf. var stofnað árið 2000 af Arnaldi Gauti Johnsen, hann er framkvæmdastjóri félagsins.


#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2011

Helstu hluthafar	%
Stofnendur	67,6
O105 Holding ehf.	12,9
Nýsköpunarsjóður	13,9
Aðrir	5,6



#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2002

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	42,5
Kjartan Dagbjartsson	6,4
Arnaldur Gauti Johnson	6,5
Steinunn Jónsdóttir	6,4
Hreinn Ágústsson	4,2
Aðrir	34,0



```
#####
tion(Addresses, ListOfAddresses, apts) {
  (apply(array(Addresses), MARGIN=1, FUN=strum, apts=apts))
  rep(addMatch[,2], pattern="-")
  hes) {
  1:2} <- slashCorrect(addMatch[i,1], addMatch[i,2])
y(addMatch[,1:2], MARGIN=1, FUN=addrMatch, street="")
array(0, c(nrow(addMatch), 3))
row(addMatch)) {
  <- addrMatch(addMatch[i,1], addMatch[i,2])
ch, retList)

#####
ind(dropGrid, cbind(rep(lat, times=length(lon)), rep(lon, each=length
m=316000000, to=319000000, by=1000000)
m=518000000, to=519000000, by=1000000)
ind(dropGrid, cbind(rep(lat, times=length(lon)), rep(lon, each=length
00
m=514000000, to=517000000, by=1000000)
ind(dropGrid, cbind(rep(lat, times=length(lon)), rep(lon, each=length

w(allGrid)) {
  allGrid[i,1]-dropGrid[,1])<10 & abs(allGrid[i,2]-dropGrid[,2])<10)
  rbind(newGrid, allGrid[i,])

#####
fjtim} {
  0==2) {

wTime){D <- diag(w[wTime==i], ncol(P_0))
  tim[[i]]$y
  tim[[i]]$X
  nrow(X[[i]])
  <- mean(X[[i]] %*% a[[i-1]])
  <- y[[i]] - X[[i]] %*% a[[i-1]]
  i]] <- y[[i]] - X[[i]] %*% a[[i-1]]
  P[[i-1]] + D
  X[[i]] %*% P_pri %*% t(X[[i]]) + diag(v, fjsala)
  diag(F[[i]])
  a[[i-1]] + P_pri %*% t(X[[i]]) %*% solve(F[[i]]) %*% res[[i]]
  P_pri - P_pri %*% t(X[[i]]) %*% solve(F[[i]]) %*% X[[i]] %*%

#####
CarSalesFound)
<- (CarSalesFound$soluar-1999)*12 + CarSalesFound$soluman ##
dex <- max(i, (CarSalesFound$styrskraningyear[i]-1999)*12 +
  <- c(FirstRegIndex, SaleIndex, fjtim)

  0, CarSalesFound$ekinn)
M) mil_hist <- c(mil_hist, round(seq( from= mileage[i], to=
  mil_hist[i-1])
rmonth <- round(mileage[M+1] / SaleIndex2[M+1] - SaleIndex2[1])
length(mil_hist)+FirstRegIndex+1):(fjtim+1)) {mil_hist[i-FirstRegIn
```



Sigurður Ingólfsson hjá Gangverði.

## Oxymap

Oxymap var stofnað árið 2002 af Bryndísi Þórðardóttur og Einari Stefánssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Árni Þór Árnason.

**Oxymap** var stofnað til að þróa og markaðssetja rannsóknartæki til mælinga á súrefnismettun í sjónhimnu augans. Brenglun á súrefnisbúskap í sjónhimnu er talin koma við sögu í mörgum algengum og alvarlegum augnsjúkdómum, t.d. sjónhimnusjúkdómi í sykursýki og gláku. Oxymap framleiðir Retinal oximeter sem mælir súrefnismettun og þvermál æða í sjónhimnu. Unnið er að þróun á hugbúnaði súrefnismælisins, að því að tryggja hugverkaréttindi með einkaleyfum, að gæðavottun og almennu markaðsleyfi. Oxymap vinnur með helstu rannsóknastofnunum á sviði augnlækninga í heiminum til að sýna fram á notagildi vörunnar. Hugbúnaður Oxymap og súrefnismælirinn passa vel inn í vörulínu hjá helstu tækjaframleiðendum á sviði augnlækninga.

[www.oxymap.com](http://www.oxymap.com)

**Primex ehf.** er fyrirtæki í sjávarlíftækni; sérhæft í framleiðslu á einstaklega hreinu kítíni og kítósani. Hráefnið er eingöngu skel af ferskri kaldsjávarrækju (*Pandalus borealis*) sem unnin er á Norðurlandi. Fjórtán manns vinna í verksmiðju og á skrifstofu fyrirtækisins á Siglufirði. Primex markaðssetur og selur gæðavottuð, rekjanleg, vísindalega áreiðanleg og nýstárleg efni til margvíslegra nota: LipoSan Ultra® eru fitubindi- og kólesteróllækkandi efni. ChitoClear®-vörulínan er mjög fjölbreytt og er m.a. notuð sem hráefni í matvæli- og snyrtivörur og sem aðalefni í plástra og sárabindi og í sárageil fyrir dýr.


[www.primex.is](http://www.primex.is)



Primex var stofnað árið 1997 af fyrirtækjunum Genís hf., Ramma hf. og SR-mjöli hf. Framkvæmdastjóri félagsins er Ólafur Helgi Marteinsson.


### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	34,5
Einar Stefánsson	10,9
Jón Atli Benediktsson	10,9
Bryndís Þórðardóttir	6,5
Aðrir	37,2



### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 1998

Helstu hluthafar	%
Rammi hf.	50,4
Nýsköpunarsjóður	22,5
Síldarvinnslan hf.	14,1
Samherji hf.	7,8
Aðrir	5,2



*„Tækifæri birtast oft  
dulbúin sem vinna!“*

*-Árni Þór Árnason, Oxymap.*



ReMake Electric var stofnað árið 2010 af Hilmi Inga Jónssyni sem einnig er framkvæmdastjóri félagsins.

**ReMake Electric** hefur þróað rafskynjara sem kemur í stað hefðbundinna rafmagnsöryggja. Búnaðurinn nýtist vel sem greiningartæki og gefur notendum, bæði á heimilum og í stærri fyrirtækjum, tækifæri á að vera upplýstir um rafmagnsnotkunina og stuðla þannig að orkusparnaði og auknu öryggi. Hilmir Ingi Jónsson frumkvöðull uppgötvaði í starfi sínu sem rafvirki að skortur var á upplýsingum til bilanaleitar og kviknaði hugmyndin í framhaldinu. ReMake Electric vann Gulleggið árið 2010 og í framhaldinu komu fjárfestar að fyrirtækinu. Unnið er að frekari þróun CBM-lausrannar (Circuit Breaker Meter) í samstarfi við innlenda og erlenda aðila og stefnir ReMake Electric á að koma vörunni á alþjóðlegan markað í nánustu framtíð.

[www.remake-electric.com](http://www.remake-electric.com)

**Stiki ehf.** var stofnað árið 1992. Fyrirtækið þróar nú tvenns konar hugbúnaðarlausnir; annars vegar til að meta áhættu í rekstri og hins vegar til að meta gæði heilbrigðisþjónustu. Í báðum tilvikum er byggt á ferlavirkni og notkun alþjóðlegra staðla. Risk Management Studio er hugbúnaður hannaður fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög sem vilja tryggja öryggi og gæði í allri starfsemi sinni. Útflutningur á RM Studio hófst í árslok 2008 og er Stiki nú með viðskiptavini og samstarfsaðila í 16 löndum. RAI-hugbúnaður Stika er þróaður í samstarfi við íslenskar heilbrigðisstofnanir til gæðamats í heilbrigðisþjónustu. Gæði þjónustu eru metin fyrir marga þætti heilbrigðisþjónustu og gæðavísar reiknaðir út. RAI-hugbúnaðurinn er ætlaður opinberum og einkaaðilum í heilbrigðisþjónustu. Allur rekstur Stika er vottaður skv. ISO 9001 og ISO/IEC 27001. Stiki er gullvottaður Microsoft-samstarfsaðili.


[www.stiki.com](http://www.stiki.com)



Stiki var stofnaður af Svönu Helen Björnsdóttur og er hún stjórnarformaður fyrirtækisins. Framkvæmdastjóri Stika er Erlendur Steinn Guðnason.

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2010

Helstu hluthafar	%
Hilmir Ingi Jónsson	42,8
Eyrir Invest	26,2
Nýsköpunarsjóður	18,0
Aðrir	13,0



#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2007

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	40,0
Bjarni Þór Björnsson	29,0
Svana Helen Björnsdóttir	31,0



*„Það eru alls staðar tækifæri til nýsköpunar, spurningin er aðeins um hugarfar, vilja og hugrekki til að framkvæma.“*

*-Svana Helen Björnsdóttir, Stika.*



## STAR : ODDI

Stjörnu-Oddi hf. var stofnað af Björgvini Guðbjörnssyni, Jóhönnu Ástvaldsdóttur, Kristófer Ástvaldssyni og Sigmari Guðbjörnssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Sigmar Guðbjörnsson.

**Stjörnu-Oddi** hf. var stofnað 1985 og er orðið eitt fremsta fyrirtæki í heimi á sviði rafeindamerkja sem notuð eru til rannsókna á sjávardýrum. Mælitækin eru smáir sírítar sem safna saman gögnum um ýmsa umhverfisþætti, s.s. dýpi, hitastig og seltu, auk þess að geta sýnt stefnu, halla, og tekið á móti staðsetningu. Gögnin er hægt að skoða í PC-tölvu í gröfum og töflum, þar sem hver mæling hefur sína dagsetningu og klukku. Markmið rannsóknaraðila með notkun fiskmerkjanna er að hafa upplýsingagrunninn það góðan að hægt sé að bæta veiðiráðgjöfina til sjálfbærrar nýtingar á fiskauðlindum. Verið er að útvíkka markaðslega skírskotun félagsins með því að sækja inn á nýja markaði með tilbúna vörur. Þetta er gert í kjölfar viðamikillar stefnumótunar. Sömuleiðis er verið að treysta innviði félagsins til að geta vaxið á næstu misserum.

[www.star-oddi.com](http://www.star-oddi.com)

**Transmit** var stofnað til að þróa hugbúnað fyrir umsýslu rafræns markaðsefnis sem henti litlum og meðalstórum fyrirtækjum, en núverandi lausnir einblína á stærri fyrirtæki. Vara Transmit er Brand Regard sem gerir litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að tryggja að allir starfsmenn og samstarfsaðilar fyrirtækja hafi auðveldan aðgang að stafrænum markaðsgögnum, svo sem lógóum, bæklingum og myndum. Transmit hefur hafið sölu á Brand Regard á Íslandi og í Bretlandi.

[www.transmit.is](http://www.transmit.is)

## TRANSMIT

Transmit var stofnað árið 2009 af Agnari Sigmarssyni, Finni Pálma Magnússyni og Geir Freyssyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Geir Freysson.


### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 1999

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	36,9
Sigmar Guðbjörnsson	27,0
Jóhanna Ástvaldsdóttir	15,0
Aðrir	21,1



### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2010

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	41,4
Geir Freysson	22,6
Agnar Sigmarsson	22,6
Tom Salmon	8,0
Aðrir	5,4







*Kristján G. Bjarnason hjá Dohop.*



Tölvuský var stofnað árið 2010 af Eiríki Sveini Hrafnssyni og Tryggva Lárussyni. Framkvæmdastjóri félagsins er Bala Kamallakharan.

**Tölvuský ehf.** rekur **GreenQloud** sem er grænt tölvuský og fyrsta umhverfisvæna tölvuský heims. Um þessar mundir undirbúa fjölmörg fyrirtæki byggingu tölvuvera á Íslandi og horfa fyrst og fremst til erlendra tölvuskýveitna sem viðskiptavina, en Ísland er talið hafa töluvert forskot fyrir rekstur tölvuvera (sjá t.d. [www.invest.is](http://www.invest.is)). GreenQloud-tölvuskýið stuðlar að fullnýtingu orkuauðlinda með stærri hluta virðiskeðjunnar staðsettan á Íslandi. Félagið fékk verkefnastyrk frá RANNÍS fyrir árin 2010-2012. Tölvuskýþjónustan fór í loftið sumarið 2011.

[www.greenqloud.com](http://www.greenqloud.com)

Fyrirtækið **Valka** var upphaflega stofnað vegna tækifæra fyrir nýjan tæknibúnað í fiskiðnaði. Fyrirtækið býður nú upp á mjög fjölbreyttar hugbúnaðar- og vinnslulausnir sem nýtast flestum fiskvinnslum í heiminum í dag. Staða Völkú hefur aldrei verið sterkari og stefnir fyrirtækið í áframhaldandi hraðan vöxt á næstu árum.


[www.valka.is](http://www.valka.is)



Valka var stofnuð árið 2003. Framkvöðull og framkvæmdastjóri fyrirtækisins er Helgi Hjálmarsson.


#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2010

Helstu hluthafar	%
Kjölur	41,8
Tryggvi Lárusson	17,0
Nýsköpunarsjóður	17,0
Eiríkur Sveinn Hrafnsson	12,1
Aðrir	12,1



#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008

Helstu hluthafar	%
Helgi Hjálmarsson	23,5
Frumtak	23,3
Nýsköpunarsjóður	23,1
Aðrir	30,1





Videntifier Technologies var stofnað af Friðriki Ásmundssyni og Herwig Lejsek. Framkvæmdastjóri félagsins er Herwig Lejsek.

**Videntifier Technologies** var stofnað 2007 og er sprottið upp úr rannsóknarvinnu við Háskólann í Reykjavík á sviði leitar í myndgagnagrunnum. Í dag er aðaláherslan og sú markaðssýlla, sem Videntifier Technologies hefur valið sér, að auðvelda lögreglu að finna ólöglegt myndefni á tölvubúnaði. Vara félagsins, Videntifier Forensic, getur á alsjálfríkan hátt borið kennsl á myndefni á tölvum og þannig aðstoðað við að uppræta barnaklám og annað ólöglegt myndefni. Kerfið eykur afköst lögreglunnar til muna við greiningu myndefnis. Félagið markaðssetur lausnina til lögregluembætta um allan heim, og er nú að byggja sér alþjóðlegt sölunet umboðsmanna.

[www.videntifier.com](http://www.videntifier.com)

**Innovit** starfar sem nýsköpunar- og frumkvöðlasetur fyrir kraftmikið og metnaðarfullt fólk með góðar viðskiptahugmyndir þar sem lögd er megináhersla á viðskiptatækifæri sem spretta úr starfi íslenskra háskóla. Megintilgangur Innovit er að virkja frumkvæði og athafnasemi ungs fólks á Íslandi og aðstoða við að hrinda viðskiptahugmyndum í framkvæmd með stofnun árangursríkra fyrirtækja að leiðarljósi. Stuðlað hefur verið að samstarfi við fremstu frumkvöðlasetur í heiminum til þess að umhverfi frumkvöðla á Íslandi verði með besta móti. Hjá Innovit fá háskólanemar og nýbrautskráðir einstaklingar faglega ráðgjöf og fyrsta flokks aðstöðu til að stofna ný fyrirtæki. Meðal árlegra viðburða hjá Innovit má nefna frumkvöðlakeppnina um Gulleggjð og Alþjóðlega athafnavíku sem haldin er samtímis í 105 löndum.




Innovit var stofnað formlega 6. september 2007. Aðalhvítamenn að stofnun félagsins voru Andri Heiðar Kristinsson, Magnús Már Einarsson og Stefania Sigurðardóttir. Auk þeirra voru Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins stofnaðilar.

[www.innovit.is](http://www.innovit.is)


Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2010

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	23,8
Herwig Lejsek	22,4
Friðrik Ásmundsson	17,2
Háskólinn í Reykjavík	16,1
Kristleifur Daðason	6,3
Aðrir	14,2



Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2007

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	32,7
Háskóli Íslands	16,9
Háskólinn í Reykjavík	16,9
Samtök iðnaðarins	15,8
Andri Heiðar Kristinsson	4,7
Aðrir	13



*„Munurinn á því að stofna ný fyrirtæki og vinna í þeim sem fyrir eru er að við höfum enga forsögu um það hvort breyturnar sem við veljum gangi upp. Í uppbyggingu hjá Innovit hefur reynt mikið á að finna réttu verkefnin, réttu módelin og fá hundruð leiðbeinenda, þátttakenda og bakhjarla til að stökkva um borð í bát sem við þykjumst vita hvert muni sigla.“*

*-Kristján Kristjánsson, Innovit.*

## Fjárfestingar í sjóðum

### Frumtak

Frumtak slhf. er sjóður sem fjárfestir í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum sem komin eru af klakstigi og eru vænleg til vaxtar og útflutnings.

Sjóðurinn hefur það markmið að byggja upp öflug fyrirtæki sem geta verið leiðandi á sínu sviði þannig að þau skili ekki aðeins góðri ávöxtun til fjárfesta heldur leggi einnig sitt af mörkum til þess að bæta það samfélag sem þau búa í.

Frumtak slhf. fjárfestir á Íslandi en er heimilt að fjárfesta erlendis að því marki sem nauðsynlegt er vegna markaðssóknar fyrirtækja í eigu Frumtaks á erlenda markaði. Sjóðurinn leggur áherslu á fjárfestingar þar sem líkur eru á miklum vexti og útflutningi. Sjóðurinn sérhæfir sig ekki í einstökum greinum.

Frumtak hefur fjárfest í eftirfarandi fyrirtækjum:

[www.trackwell.is](http://www.trackwell.is), [www.agr.is](http://www.agr.is), [www.handpoint.com](http://www.handpoint.com), [www.andersenlauth.com](http://www.andersenlauth.com), [www.gogogic.com](http://www.gogogic.com), [www.meniga.com](http://www.meniga.com),  
[www.iceconsult.com](http://www.iceconsult.com), [www.mentor.is](http://www.mentor.is), [www.pme.is](http://www.pme.is), [www.controlant.com](http://www.controlant.com), [www.valka.is](http://www.valka.is), [www.gogoyoko.com](http://www.gogoyoko.com), [www.datamarket.com](http://www.datamarket.com).

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er með ráðandi hlut í Frumtaki, 37%. Aðrir hluthafar eru þrír bankar og sex lífeyrissjóðir.  
[www.frumtak.is](http://www.frumtak.is).

### AUÐUR I

AUÐUR I er fagfjárfestingsjóður sem fjárfestir í fyrirtækjum í rekstri með mikla vaxtarmöguleika, gjarnan í meirihlutaeigu eða undir stjórn kvenna, eða þar sem aðkoma Auðar getur leyst úr læðingi aukin verðmæti.

AUÐUR I leggur áherslu á vaxtarfjármögnun (growth capital).

Rúmlega 20 fjárfestar hafa lagt sjóðnum til fé, meðal þeirra eru flestir af stærstu lífeyrissjóðum landsins sem og aðrir stofnana- og fagfjárfestar, þar á meðal Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins. Stærð sjóðsins er 3,2 milljarðar króna. Fjárfestingarrámmi AUÐAR I gerir ráð fyrir fjárfestingum í fyrirtækjum með a.m.k. 3-5 ára rekstrarsögu. Nýsköpunarsjóður á 4,7% í AUÐI I.

[www.audurcapital.is](http://www.audurcapital.is).

### Brú II

Brú II Venture Capital Fund, S.C.A. SICAR er sjóður sem stofnaður var í ársbyrjun 2006 og starfar undir eftirliti fjármálaeftirlits Lúxemborgar (CSSF).

Meðal fjárfesta í sjóðnum eru flestir stærstu lífeyrissjóðir landsins, tryggingafélög og aðrir fagfjárfestar ásamt Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins. Nýsköpunarsjóður á 4,3% í BRÚ II.

[www.bru.is](http://www.bru.is).

---

Ársreikningur 2012  
Nýsköpunarsjóðs  
atvinnulífsins

---



## Áritun óháðs endurskoðanda

### Til stjórnar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2012, efnahag hans 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012 í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 19. apríl 2013

Deloitte hf.

Guðmundur Kjartansson  
endurskoðandi

## Áritun stjórnar

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins (NSA) fyrir árið 2012 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Rekstrartekjur ársins 2012 námu 790,5 milljónum króna samanborið við 184,7 milljónir króna árið áður. Rekstrargjöld ársins námu 674 milljónum króna samanborið við 500,3 milljónir króna árið áður. Hagnaður ársins var 116,5 milljónir króna samanborið við 315,6 milljóna króna tap árið áður.

Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildareignir félagsins samtals 5.297,8 milljónum króna í árslok 2012. Bókfært eigið fé á sama tíma nam samtals 4.980,3 milljónum króna og er eiginfjárlutfall sjóðsins því 94%.

Heildarfjárfestingar NSA í eignarhlutum námu 537,2 milljónum króna á árinu 2012. Fjárfest var í fjórum nýjum sprotafyrirtækjum fyrir samtals 131 milljón króna og í 17 fyrirtækjum sem NSA átti þegar í fyrir um 331 milljón króna. Þá fjárfesti NSA í samlagssjóðunum Frumtaki slhf og AUÐI I slf. fyrir samtals 229,6 milljónir króna.

Á árinu störfuðu sjö starfsmenn hjá sjóðnum.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra NSA að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri NSA staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. apríl 2013

### Í stjórn

Orri Hauksson  
stjórnarformaður

Arnar Sigurmundsson

Finnbjörn A. Hermannsson

Guðný Hrund Karlsdóttir

Sigrún B. Valdimarsdóttir

### Framkvæmdastjóri

Helga Valfells

## Rekstrarreikningur árið 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>Rekstrartekjur</b>			
Vaxtatekjur og arður af fjárfestingarverkefnum . . . . .		63.748.348	72.188.585
Vaxta- og vörslutekjur af bankainnistæðum . . . . .	3	92.419.674	56.120.074
Aðrar rekstrartekjur . . . . .		3.198.000	1.200.000
Söluhagnaður af eignarhlutum . . . . .		631.104.347	55.170.849
		<u>790.470.369</u>	<u>184.679.508</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Framlag í afskriftarreikning fjárfestingaverkefna . . . . .	9	(498.919.683)	(89.597.809)
Sölutap eignarhluta . . . . .		0	(257.570.931)
Aðkeyptur kostnaður við fjárfestingarverkefni . . . . .		(29.190.564)	(17.174.144)
Laun og launatengd gjöld . . . . .	4	(95.246.595)	(82.600.347)
Annar almennur rekstrarkostnaður . . . . .		(57.210.129)	(59.638.454)
Pátttaka annarra sjóða í rekstri . . . . .		8.668.555	9.608.806
Veittir styrkir . . . . .		(1.808.414)	(2.950.000)
Afskriftir . . . . .	5	(282.800)	(363.600)
		<u>(673.989.630)</u>	<u>(500.286.479)</u>
Rekstrarhagnaður (-tap) . . . . .		116.480.739	(315.606.971)
<b>Fjármagnsgjöld</b>			
Fjármagnsgjöld . . . . .		0	(25.389)
		<u>0</u>	<u>(25.389)</u>
Hagnaður (tap) ársins . . . . .		<u>116.480.739</u>	<u>(315.632.360)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2012

### Eignir

	Skýr.	31.12. 2012	31.12. 2011
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir . . . . .	5	1.115.974	1.398.774
Eignarhlutar . . . . .	6	2.883.447.629	2.733.832.761
Útlán . . . . .	7	895.096.355	552.287.470
Samlagssjóðir . . . . .	8	1.412.960.882	1.194.463.269
Afskriftarreikningur fjárfestingarverkefna . . . . .	9	(1.092.537.504)	(991.230.893)
		<u>4.100.083.336</u>	<u>3.490.751.381</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Aðrar skammtímakröfur . . . . .	10	62.135.066	25.321.197
Kröfur á tengda sjóði . . . . .	14	0	2.400.000
Markaðsverðbréf, fjárvarsla . . . . .	11	903.560.688	905.259.459
Handbært fé . . . . .	12	231.999.023	407.610.545
		<u>1.197.694.777</u>	<u>1.340.591.201</u>
Eignir alls . . . . .		<u>5.297.778.113</u>	<u>4.831.342.582</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2012

	Skýr.	31.12. 2012	31.12. 2011
<b>Eigið fé</b>	13		
Stofnfé . . . . .		4.821.767.472	4.821.767.472
Annað eigið fé . . . . .		158.487.552	(187.601.911)
Eigið fé		<u>4.980.255.024</u>	<u>4.634.165.561</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir vegna verkefna . . . . .	16	221.000.000	171.700.000
Skuldir við tengda sjóði . . . . .	14	69.500.000	0
Aðrar skammtímaskuldir . . . . .	15	27.023.089	25.477.021
Skuldir		<u>317.523.089</u>	<u>197.177.021</u>
<b>Eigið fé og skuldir . . . . .</b>		<u><u>5.297.778.113</u></u>	<u><u>4.831.342.582</u></u>



## Sjóðstreymi árið 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Innborgaðar vaxtatekjur og gengismunur bankareikninga . . . . .		2.958.900	31.298.096
Innborgaðar aðrar tekjur . . . . .		2.087.460	1.200.000
Innborgaðar tekjur af fjárfestingarverkefnum . . . . .		550.075	21.519.178
Greiddur rekstrarkostnaður . . . . .		(172.002.125)	(144.334.845)
Greiddir styrkir . . . . .		(1.808.414)	(2.950.000)
Greidd fjármagnsgjöld . . . . .		0	(25.389)
<b>Handbært fé til rekstrar</b>		<b>(168.214.104)</b>	<b>(93.292.960)</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Ný útlán . . . . .		(433.045.950)	(265.899.555)
Fjárfest í samlagssjóðum . . . . .	8	(229.608.724)	(253.429.780)
Fjárfest í eignarhlutum . . . . .		(466.536.676)	(469.498.272)
Seldir eignarhlutir . . . . .		682.673.374	183.082.357
Útborgað úr samlagssjóðum . . . . .		11.111.111	0
Hreyfingar fjárvörslu markaðsverðbréfa . . . . .		91.159.545	128.912.864
Fengnar afborganir útlána . . . . .		53.296.734	378.633.109
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		<b>(290.950.586)</b>	<b>(298.199.277)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Innborgað frá Ríkissjóði Íslands vegna samlagssjóða . . . . .	8	214.053.168	253.429.780
Skuld við tengda sjóði, breyting . . . . .		69.500.000	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<b>283.553.168</b>	<b>253.429.780</b>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		(175.611.522)	(138.062.457)
Handbært fé í upphafi árs		407.610.545	545.673.002
<b>Handbært fé í lok árs . . . . .</b>		<b>231.999.023</b>	<b>407.610.545</b>

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997 og er samkvæmt þeim sjálfstæð stofnun í eigu Ríkissjóðs Íslands. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé, veita lán og ábyrgðir.

Starfsemi Nýsköpunarsjóðs skiptist í tvær deildir, Stofnsjóð og Tryggingardeild útflutningsins.

### Stofnsjóður

Í Stofnsjóði er eigið fé sjóðsins eins og það er varðveitt og ávaxtað á hverjum tíma. Undir Stofnsjóð heyrir allur almennur rekstur Nýsköpunarsjóðs, deilda hans og sjóða.

### Tryggingardeild útflutnings

Deildinni er ætlað að veita tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning á vöru og þjónustu, auka íslenskar fjárfestingar erlendis, þátttöku í verklegum framkvæmdum erlendis og þátttöku í stærri verklegum framkvæmdum hérlendis.

---

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs fyrir árið 2012 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggist á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2012	2011	31.12. 2012	31.11. 2011
Evra (EUR) . . . . .	160,73	161,42	169,33	159,28
Bandaríkjadalur (USD) . . . . .	125,05	116,07	128,43	123,00
Dönsk króna (DKK) . . . . .	21,59	21,67	22,69	21,43
Sænsk króna (SEK) . . . . .	18,47	17,88	19,70	17,84

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Tekjuskattur

Sjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

### Fjáreignir

Eignarhlutar í félögum, fjárfesting í samlagssjóðum og útlán sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

### 3. Vörslutekjur og þóknunartekjur

	2012	2011
<b>Vaxtatekjur og vörslutekjur af inneignum</b>		
Vaxtatekjur af bankainnistæðum . . . . .	21.345.807	29.697.890
Gengismunur . . . . .	1.286.677	1.600.206
Tekjur af vörslusjóðum . . . . .	69.787.190	24.821.978
	<u>92.419.674</u>	<u>56.120.074</u>

### 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2012	2011
Laun . . . . .	72.293.000	62.120.719
Lífeyrissjóður . . . . .	11.371.659	9.712.042
Önnur launatengd gjöld . . . . .	8.379.083	7.766.199
Annar starfsmannakostnaður . . . . .	3.202.853	3.001.387
	<u>95.246.595</u>	<u>82.600.347</u>

Stöðugildi að meðaltali . . . . . 6,75 6,75

Heildarlaun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins á árinu 2012 námu 15,2 milljónum króna. Laun framkvæmdastjóra eru ákvörðuð af kjararáði. Á árinu 2011 námu heildarlaun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins 14,8 milljónum króna.

## 5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Innréttingar, skrifstofuáhöld	Tölvubúnaður	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun . . . . .	4.739.844	1.469.885	6.209.729
Afskrifað í ársbyrjun . . . . .	(3.488.059)	(1.322.896)	(4.810.955)
Bókfært verð í ársbyrjun . . . . .	1.251.785	146.989	1.398.774
Afskrift ársins . . . . .	(282.800)	0	(282.800)
Bókfært verð í lok ársins . . . . .	968.985	146.989	1.115.974
Afskriftarhlutföll . . . . .	20%	33%	

Vátryggingarmat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Vátryggingamat
Innréttingar, skrifstofuáhöld og tölvubúnaður . . . . .	10.597.254

## 6. Eignarhlutar

Eignarhlutar í félögum eru færðir á kostnaðarverði þó um sé að ræða eignarhluti þar sem hluturinn nemur meira en 20% þar sem ekki er unnt að beita hlutdeildaraðferð sbr. 70 gr. ársreikningalaganna. Eignarhlutar í félögum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

	2012	2011
Eignarhlutar í upphafi árs. . . . .	2.733.832.761	2.595.338.950
Fjárfest í nýjum eignarhlutum . . . . .	537.229.994	597.230.000
Bókfært verð seldra eignarhluta . . . . .	(72.555.887)	(379.545.472)
Endanlega afskrifaðir eignarhlutar . . . . .	(253.859.239)	(127.750.717)
Óútborguð fjárfestingarverkefni. breyting . . . . .	(61.200.000)	48.560.000
	<u>2.883.447.629</u>	<u>2.733.832.761</u>



### Eignarhlutar í fyrirtækjum

3Z ehf. . . . .	30,0%	Kerecis ehf. . . . .	36,3%
AGR - Aðgerðagreining ehf. . . . .	8,9%	Kine ehf. . . . .	21,1%
Akthelía ehf. . . . .	22,8%	Lífeind ehf. . . . .	43,8%
Alur - álvinnsla ehf. . . . .	11,1%	Menn og mús ehf. . . . .	24,4%
Betware á Íslandi hf. . . . .	1,7%	Mentis Cura ehf. . . . .	17,8%
Clara ehf. . . . .	20,6%	Mentor ehf. . . . .	13,9%
Cooori ehf. . . . .	29,4%	Mint Solutions ehf. . . . .	16,4%
Dohop ehf. . . . .	10,3%	Norrænar myndir ehf. . . . .	42,5%
Fjölbendir ehf. . . . .	15,0%	Oxymap ehf. . . . .	34,5%
Frumtak GP ehf. . . . .	43,0%	Primex hf. . . . .	22,5%
Gagnavarslan ehf. . . . .	17,9%	Remake Electric ehf. . . . .	19,8%
Gangverð ehf. . . . .	20,0%	Spaksmannsspjarir ehf. . . . .	5,0%
Genís ehf. . . . .	21,3%	Stiki ehf. . . . .	32,9%
Geogreenhouse ehf. . . . .	20,0%	Stjörnu-Oddi hf. . . . .	36,9%
Gogogic ehf. . . . .	20,0%	Transmit ehf. . . . .	41,4%
Gogoyoko ehf. . . . .	25,9%	Tölvuský ehf. . . . .	27,6%
Expeda ehf. . . . .	27,0%	Valka ehf. . . . .	22,8%
Innovit ehf. . . . .	32,7%	Videntifier ehf. . . . .	23,8%

### 7. Útlán

Útlán sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

	2012	2011
Útlán í upphafi . . . . .	552.287.470	792.524.039
Ný útlán . . . . .	552.183.783	296.072.270
Afborganir útlána . . . . .	(136.931.031)	(467.302.527)
Áfallnir vextir, breyting . . . . .	4.039.273	(4.122.519)
Endanlega afskrifuð útlán . . . . .	(76.483.140)	(64.883.793)
	<u>895.096.355</u>	<u>552.287.470</u>

## 8. Samlagssjóðir

Nýsköpunarsjóði er heimilt að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum sem stunda fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur Nýsköpunarsjóðs minna en 50%.

Fjárfesting í samlagssjóðum er færð á kostnaðarverði þó um sé að ræða eignarhluti þar sem hluturinn nemur meira 20% sbr. heimildarákvæði ársreikningalaganna. Eignarhlutir í samlagssjóðum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

	2012	2011
Samlagssjóðir í upphafi . . . . .	1.194.463.269	941.033.489
Fjárfestingar í samlagssjóðum. . . . .	229.608.724	253.429.780
Útborganir samlagssjóða . . . . .	(11.111.111)	0
	<u>1.412.960.882</u>	<u>1.194.463.269</u>
<b>Eignarhlutar í samlagssjóðum sundurliðast þannig:</b>	<b>Hlutdeild</b>	<b>Kaupverð</b>
Frumtak slhf. . . . .	37.04%	1.081.851.854
AUÐUR I . . . . .	4.69%	127.014.215
Brú II . . . . .	4.30%	204.094.813
		<u>1.412.960.882</u>

## 9. Afskriftarreikningar fjárfestingarverkefna

Afskriftarreikningur fjárfestingarverkefna er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir eignarhlutum, útlánnum og fjárfestingu í samlagssjóðum. Lagt er í þennan afskriftarreikning árlega með hliðsjón af metinni áhættu hverju sinni og eftir reglum um færslu afskriftarreiknings hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins sem settar eru á grundvelli laga og reglugerða um starfsemi sjóðsins. Við upphaf hverrar fjárfestingar nema afskriftir skv. reglum þessum um 15-25% af þeirri fjárhæð sem fjárfest er fyrir.

Breyting á afskriftarreikningi fjárfestingarverkefna greinist svo:

	2012	2011
Afskriftarreikningur í upphafi árs . . . . .	991.230.893	1.108.029.343
Framlag ársins í afskriftarreikning . . . . .	493.071.440	347.168.740
Endanlega töpuð fjárfestingarverkefni . . . . .	(391.764.829)	(463.967.190)
	<u>1.092.537.504</u>	<u>991.230.893</u>

Gjaldfærslur afskrifta fjárfestingarverkefna í rekstrarreikningi greinast þannig:		
Framlag ársins í afskriftarreikning og sölutap . . . . .	493.071.440	347.168.740
Niðurfærsla skammtímakrafna vegna fjárfestingarverkefna . . . . .	5.848.243	0
	<u>498.919.683</u>	<u>347.168.740</u>

Afskriftarsjóður fjárfestingarverkefna í efnahagsreikningi greinist þannig:		
Afskriftarreikningur eignarhluta . . . . .	924.202.467	879.308.836
Afskriftarreikningur útlána . . . . .	154.058.478	97.645.498
Afskriftarreikningur samlagssjóða . . . . .	14.276.559	14.276.559
	<u>1.092.537.504</u>	<u>991.230.893</u>

## 10. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur		
	2012	2011
Krafa á ríkissjóð vegna samlagssjóða . . . . .	15.555.556	0
Kröfur vegna seldra eignarhluta . . . . .	34.013.751	13.026.891
Aðrar kröfur . . . . .	12.565.759	12.294.306
	<u>62.135.066</u>	<u>25.321.197</u>

## 11. Markaðsverðbréf, fjárvarsla

Vörslusjóðir:  
Nýsköpunarsjóður hefur gert samninga um ávöxtun og fjárvörslu við aðila innanlands.

	2012	2011
Fjárvarsla í erlendra mynt . . . . .	202.632.657	188.819.123
Fjárvarsla í íslenskum krónum . . . . .	700.928.031	716.440.336
	<u>903.560.688</u>	<u>905.259.459</u>

Þróun vörslusjóða greinist þannig:		
Staða í upphafi árs. . . . .	905.259.459	1.009.350.345
Innborgað til fjárvörsluaðila . . . . .	566.560.455	392.087.136
Útborgað frá fjárvörsluaðilum . . . . .	(657.720.000)	(521.000.000)
Markaðsbreytingar vörslusjóða . . . . .	89.460.774	24.821.978
	<u>903.560.688</u>	<u>905.259.459</u>

## 12. Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnistæðum og sjóðum.

	2012	2011
Bankainnistæður og sjóðir . . . . .	231.999.023	407.610.545

## 13. Eigið fé

Innborgað stofnfé er samtals kr. 4.821.767.472. Í 7. gr. laga nr. 61/1997 með síðari breytingum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins segir að eigið fé Nýsköpunarsjóðs skuli að lágmarki vera 3.000 milljónir kr. Lágmarksfjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2007. Eigið fé er kr. 4.980 milljónir króna í árslok 2012 og til samanburðar er lágmarksfjárhæð sú sem sett er fram í lögum og vitnað er til hér að ofan 4.530 milljónir króna.

Hreyfingar eigin fjár greinast á eftirfarandi hátt:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2011. . . . .	4.821.767.472	(125.399.332)	4.696.368.140
Innborgun frá ríkissjóði vegna samlagssjóða . . . . .	0	253.429.780	253.429.780
Tap ársins 2011 . . . . .	0	(315.632.360)	(315.632.360)
Eigið fé 1.1. 2012	<u>4.821.767.472</u>	<u>(187.601.912)</u>	<u>4.634.165.561</u>
Innborgun frá ríkissjóði vegna samlagssjóða . . . . .	0	229.608.724	229.608.724
Hagnaður ársins 2012 . . . . .	0	116.480.739	116.480.739
Eigið fé 31.12. 2012	<u>4.821.767.472</u>	<u>158.487.551</u>	<u>4.980.255.024</u>

Eigið fé Nýsköpunarsjóðs skiptist með eftirfarandi hætti milli einstakra deilda:

	31.12. 2012	31.12. 2011
Stofnsjóður . . . . .	4.969.666.799	4.623.577.336
Tryggingardeild útflutnings. . . . .	10.588.225	10.588.225
	<u>4.980.255.024</u>	<u>4.634.165.561</u>

Samkvæmt 12. grein laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins er miðað við að iðgjöld og tryggingarhlutföll standi undir rekstri Tryggingardeildar útflutnings, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs þannig að starfsemin standi undir sér til lengri tíma lítið. Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Ríkissjóður ábyrgist að öðru leyti skuldbindingar deildarinnar.



#### 14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög árið 2012	Keypt þjónusta og vörur	Þátttaka í kostnaði	Kröfur	Skuldir
Frumtak GP ehf. hlutdeildarfélag . . . . .	0	7.200.000	0	69.500.000
	0	7.200.000	0	69.500.000

Viðskipti við tengd félög árið 2011	Keypt þjónusta og vörur	Þátttaka í kostnaði	Kröfur	Skuldir
Frumtak GP ehf. hlutdeildarfélag . . . . .	0	7.200.000	2.400.000	0
	0	7.200.000	2.400.000	0

#### 15. Aðrar peningalegar skuldir

##### Aðrar skammtímaskuldir

	2012	2011
Ógreiddur kostnaður . . . . .	6.587.685	6.364.741
Áunnið orlof . . . . .	8.802.021	7.478.897
Skuld við ríkisábyrgðarsjóð . . . . .	11.633.383	11.633.383
	<u>27.023.089</u>	<u>25.477.021</u>

## 16. Skuldir vegna verkefna

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur veitt loforð um fjárfestingar til nokkurra fyrirtækja annaðhvort í formi eignarhluta eða útlána að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Skuldbinding í árslok sem færð er meðal skammtímaskulda nemur samtals 221 milljón króna en nam samtals 171,7 milljónum króna 2011. Skuldbinding utan efnahagsreiknings vegna verkefna nemur um 80 milljónum króna í árslok 2012 en nam samtals 70 milljónum króna 2011.

## 17. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Nýsköpunarsjóður hefur skuldbundið sig til þátttöku í þremur samlagssjóðum, AUÐI 1, Brú II og Frumtaki slhf. samtals að fjárhæð 1.900 milljónir króna. Ógreidd fjárfestingarloforð vegna þessara samlagssjóða nema í lok ársins um 475,9 milljónum króna samanborið við 705,5 milljón króna í árslok 2011. Ríkissjóður Íslands hefur skuldbundið sig til að leggja stofnfjárframlag til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins að fjárhæð 57 milljónir króna svo að sjóðurinn geti mætt þessum skuldbindingum í samlagssjóðum. Samsvarandi skuldbinding ríkissjóðs var 271 milljón króna í árslok 2011.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs hefur samþykkt að veita ábyrgðir til þriðja aðila til tryggingar bankalánnum. Í árslok 2012 nema veittar ábyrgðir til tryggingar bankalánnum um 25,4 milljónum króna samanborið við 22,8 milljónir króna í árslok 2011.

Tryggingardeild útflutnings hefur veitt ábyrgðir til þriðja aðila. Á reikningsskiladegi voru eftirstöðvar þessara ábyrgða um 203,9 milljónir króna sem jafngildir um einni milljón í sérstökum dráttarréttindum. Samkvæmt lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins mega heildarskuldbindingar tryggingardeildar ekki nema hærri fjárhæð en 130 milljónum í sérstökum dráttarréttindum.

Endurgreiðslutími ábyrgðarskuldbindinga tryggingardeildar greinist þannig:

	31.12. 2012	31.12. 2011
Gjaldfallin ábyrgð . . . . .	99.684.709	56.599.998
Til endurgreiðslu síðar . . . . .	104.194.188	141.413.273
	<u>203.878.897</u>	<u>198.013.271</u>

## 18. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum hinn 19. apríl 2013.



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins Kringlunni 7, 3. hæð 103 Reykjavík  
[www.nsa.is](http://www.nsa.is), [nsa@nsa.is](mailto:nsa@nsa.is)





NÝSKÖPUNARSJÓÐUR